

Mál nr. 314/2015

**M og
váttryggingafélagið V v/ annars vegar vatnstjónstryggingarliðs fasteignartryggingar og hins
vegar ábyrgðartryggingar orkuveitu (B).**

Ágreiningur um bótaskyldu er tjón varð á útvegg húseignar af völdum leka frá vatnslögn.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.9.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júní 2015 mun vatnsleki hafa gert vart við sig í kjallarageymslu í húseign M að A á Akureyri. Í júlí s.á. skipti B um kalda- og heitavatnslögn, en í ljós kom leki á lögn úti við inntakið og skemmdir höfðu orðið á útvegg A. Þá kveður M að um vorið hafi verið skipt um vatnsinntak í næstu íbúð við hliðina, samfastri að því er virðist, og þá hafi jarðvegur í kringum þá íbúð og yfir að A orðið gegnsósa í vatni. Ljóst sé að við það hafi vatn farið niður í kjallarageymsluna í A.

A hefur krafist bóta úr vatnstjónstryggingarlið fasteignartryggingar sinnar hjá V, svo og úr ábyrgðartryggingu B sem einnig er hjá V. V telur tjónið hvorki bótaskyldt úr fasteignartryggingunni né ábyrgðartryggingu B og hefur því hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum fasteignartryggingar þeirrar sem M hefur í gildi hjá V bætir váttryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Í gr. 9.1.7 er bótasvið váttryggingarinnar nánar afmarkað en þar segir að váttryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. Ljóst er að tjón á húsveggnum má rekja til leka frá vatnsleiðslu fyrir utan húsið. Eins og bótasvið váttryggingarinnar er afmarkað í skilmálunum fellur tjón sem er að rekja til leka úr leiðslum utan hússins ekki undir váttrygginguna. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr fasteignartryggingunni.

Af gögnum málsins má ráða að B sé orkuveitufyrirtæki sem selur M heitt og kalt vatn til notkunar í A. Engra gagna nýtur við um orsakir þess að umrædd leiðsla fór að leka. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem sýnir fram á að lekinn hafi orðið af völdum saknæmrar háttsemi starfsmanna B eða skemmdir á húsveggnum megi að öðru leyti rekja til atvika sem B ber ábyrgð á. Tjón M fæst því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr vatnstjónstryggingarlið fasteignartryggingar hans né heldur úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.